

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Mál nr. P 139/1342  
Dagur 15.2.2011

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 14. febrúar 2011


**Umsögn Neytendasamtakanna við frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, 359. mál.**

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að tekin verði upp svokölluð farþegagjöld fyrir hvern farþega um borð í flugförum og farþegaskipum, og gistináttagjöld af hverri seldri gistinótt. Neytendasamtökin leggjast gegn óbeinum sköttum af þessu tagi vegna tvíhliða verkunar þeirra. Annars vegar mun verð á þeirri þjónustu sem um ræðir hækka og hins vegar hefur þetta áhrif á vísitölu neysluverðs sem hefur í för með sér þyngri greiðslubyrði verðtryggðra lána, en ljóst er að frumvarpið, verði það að lögum, mun hafa nokkur áhrif á vísitölu neysluverðs.

Neytendasamtökin leggjast því gegn samþykkt þessa frumvarps og hvetja til endurskoðunar þess.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna

  
Hildjunnur Hafsteinsdóttir